

Sþ. 390. Tillaga til þingsályktunar [200. mál]

um lögfræðipjónustu fyrir efnalítið fólk.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að sjá til þess, að komið verði á fót lögfræðipjónustu fyrir efnalítið fólk óháðri gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Greinargerð.

Það er vitað og viðurkennt að margt efnalítið fólk veigrar sér við að leita lögfræðilegrar aðstoðar er vanda þer að höndum sakir kostnaðarins er því fylgir. Er engan veginn verjandi að fólk eigi þess ekki kost að reka réttar síns sakir efnaleysis. Brýnt er því að leysa vanda þessa fólks með því að koma á fót hið allra fyrsta réttaraðstoð sem óháð sé gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Slík réttaraðstoð tíðkast annars staðar á Norðurlöndum, m. a. í Svíþjóð, Danmörku og Noregi, og hefur skipan slíkrar aðstoðar verið í endurskoðun þar á undanfórnum árum. Í þrem ofangreindum löndum starfa sérstakar stofnanir sem veita réttaraðstoð. Í Noregi t. d. eru almennar lögfræðilegar upplýsingar veittar án endurgjalds. Árið 1973 gengu í gildi ný lög um lögfræðiaðstoð án endurgjalds í Svíþjóð. Samkvæmt hinum nýju lögum svía um þessi efni er gert ráð fyrir, að 30 ríkisreknar lögfræðiskrifstofur verði starfandi víðs vegar um landið, og er hlutverk þeirra að sinna þeirri lögfræðiaðstoð, sem löggin gera ráð fyrir. Lögfræðiskrifstofur í einka eign geta einnig veitt lögfræðiaðstoð í samræmi við hin nýju lög, en þeim er það í sjálfvald sett. Upplýsingar um fyrirkomulag réttaraðstoðar í þessum löndum er að finna í grein eftir Gunnar Eydal í Tímariti lögfræðinga, 4. hefti 1973. Er sjálfsagt að halda svo á þessu máli hér, að hliðsjón sé höfð af reynslu annarra Norðurlandþjóða.

Hér á landi eru til reglur um gjafsókn og gjafvörn, en þótt þær séu góðra gjalda verðar, leysa þær ekki nema lítinn hluta þess vanda sem eiginlegri réttaraðstoð er ætlað að gera. Reglur um gjafsókn og gjafvörn gilda aðeins ef til máls höfðunar kemur. Í fjölmörgum málum, sem upp rísa, þarfnast fólk fyrst og fremst lögfræðilegra leiðbeininga og upplýsinga um rétt sinn. Þennan vanda mundi réttaraðstoð leysa. Ætti fólk þess kost að leita slíkrar aðstoðar sér að kostnaðarlitlu meðan mál eru á frumstigi, eru og meiri líkindi til að mál leysist farsælega án þess að til málshöfðunar þurfi að koma.

Á síðasta reglulega Alþingi var lagt fyrir neðri deild frumvarp til laga um málflytjendur. Þá flutti 1. flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu ásamt þrem þm. öðrum breytingartillögu við það frumvarp um réttaraðstoð fyrir efnalítið fólk. Niðurstaðan af umræðum um málið í hv. neðri deild varð sú, að samkomulag náðist innan allsherjarnefndar um breytingartillögu nær samhljóða þeirri þingsályktunartillögu sem hér er flutt, og var hún samþykkt í hv. neðri deild. Frumvarp til laga um málflytjendur hlaut þó ekki fullnaðarafgreiðslu á því þingi. Var þá einnig úr sögunni samþykktin um réttaraðstoð til efnalítils fólks, og því er það mál nú lagt fram að nýju.

Vænta flm. þessarar þingsályktunartillögu að mál það, sem hér er á ný fram borið, hljóti jafngóðar undirtektir í sameinuðu þingi og það hlaut í hv. neðri deild á síðasta þingi.